

Messur á morgun

Guðspjall dagsins:
Lúk. 17.: Tíu líkþráir.

DÓMKIRKJAN: Kl. 11 messa. Sr. Þórir Stephensen. Dómkórinn syngur, organleikari Marteinn H. Friðriksson. Kl. 13:30: Orþodox-messa. Kirkjuleiðtogar frá ýmsum löndum í Austur-Evrópu syngja fyrstu orþodoxmessuna á Íslandi. Metropolitan Emilíanos predikar. Stuðningslesefni verður afhent við kirkjudyr. Allir eru hjartanlega velkomnir. Þess skal getið að guðsþjónustan tekur a.m.k. tvo tíma. Kl. 20:30: Orgeltónleikar. Þýskur organisti.
ÁRBÆJARPRESTAKALL: Guðsþjónusta í safnaðarheimili Árbæjarsóknar kl. 11 árd. Haustfermingarbörn beðin að koma til guðsþjónustunnar. Sr Guðmundur Þorsteinsson.
ÁSPRESTAKALL: Messa kl. 11 árd. að Norðurbrún 1. Sr. Grímur Grímsson.
BREIÐHOLTSPRESTAKALL: Messa í Breiðholtsskóla kl. 11. árd. Sr. Lárus Halldórsson.
BÚSTAÐAKIRKJA: Messa kl. 11. Organleikari Guðni Þ. Guðmundsson. Sr. Ólafur Skúlason.
ELLIHEIMILIÐ GRUND: Messa kl. 2. Sr. Lárus Halldórsson.
FELLA- OG HÓLAPRESTAKALL: Guðsþjónusta í safnaðarheimilinu að Keilufelli 1 kl. 11. árd. Sr. Hreinn Hjartarson.
GRENSÁSKIRKJA: Guðsþjónusta kl. 11. Organleikari Jón G. Þórarinsson. Almenn samkoma nk. fimmtudagskvöld kl. 20:30. Sr. Halldór S. Gröndal.
HALLGRÍMSKIRKJA: Messa kl. 11, altarisganga. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Þriðjudagur: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10:30 árd. Beðið fyrir sjúkum.
LANDSPÍTALINN: Messa kl. 10. Sr. Karl Sigurbjörnsson.
HÁTEIGSKIRKJA: Messa kl. 11 árd. Sr. Tómas Sveinsson. Sr. Arngrímur Jónsson verður fjarverandi til 17. sept. Sr. Tómas Sveinsson gegnir prestsþjónustu í fjarveru hans.
BORGARSPÍTALINN: Guðsþjónusta kl. 10. Organleikari Jón G. Þórarinsson. Sr. Tómas Sveinsson.
KÓPAVOGSKIRKJA: Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Þorbergur Kristjánsson.
LANGHOLTSPRESTAKALL: Cuðsþjónusta kl. 11. Organleikari Jón Stefánsson. Prestur Sig. Haukur Guðjónsson. Sóknarnefndin.
LAUGARNESPRESTAKALL: Laugard. 6. sept.: Guðsþjónusta að Hátúni 10b, 9. hæð kl. 11 árd. Sunnud. 7. sept.: Messa kl. 11, altarisganga. Þriðjud. 9. sept.: Bænaguðsþjónusta kl. 18. Sóknarprestur.
NESKIRKJA: Messa kl. 11. Fermd verður Katrín Einarsdóttir, sendiráði Íslands í París, p.t. Hávallagata 13, Reykjavík. Frank M. Halldórsson.
FRÍKIRKJAN í Reykjavík: Messa kl. 11, útvarpsmessa. Athugið breyttan messutíma. Organleikari Sig. Ísólfsson. Prestur sr. Kristján Róbertsson.
DÓMKIRKJA KRISTS konungs Landakoti: Lágmessa kl. 8.30 árd. Hámessa kl. 10.30 árd. Lágmessa kl. 2 síðd. Alla virka daga er lágmessa kl. 6 síðd., nema á laugardögum, þá kl. 2 síðd.
FELLAHELLIR: Kaþólsk messa kl. 11 árd.
FÍLADELFÍUKIRKJAN: Safnaðarguðsþjónusta kl. 2 síðd. Ræðumaður Einar J. Gíslason. Almenn guðsþjónusta kl. 8 síðd., ræðumenn Páll Lúthersson og Samúel Ingimarsson.
HJÁLPRÆÐISHERINN: Sunnudagaskóli kl. 10 árd. Bæn kl. 20 og hjálpræðissamkoma kl. 20.30. Kafteinn Daníel Óskarsson.
NÝJA POSTULAKIRKJAN, Háaleitisbr. 58: Messa kl. 11 og kl. 17.
MOSFELLSPRESTAKALL: Messað í Lágafellskirkju kl. 10.30 árd. Sóknarprestur.
BESSASTAÐAKIRKJA: Guðsþjónusta kl. 2 síðd. Við athöfnina fer fram setning Álftanesskóla. Sr. Bragi Friðriksson.
KAPELLA St. Jósefssystra í Garðabæ: Hámessa kl. 2 síðd.
VÍÐISTAÐASÓKN: Guðsþjónusta í Hrafnistu kl. 11 árd. Sr. Bragi Friðriksson messar.
FRÍKIRKJAN í Hafnarfirði: Guðsþjónustan verður að þessu sinni kl. 11 f.h. (Athugið breyttan messutíma vegna orþodoxmessunnar í Dómkirkjunni kl. 13:30.) Jón Mýrdal við orgelið. Sr. Bernharður Guðmundsson predikar. Safnaðarstjórn.
KAPELLA St. Jósefsspítala Hafnarfirði: Messa kl. 10 árd.
KARMELKLAUSTUR: Hámessa kl. 8.30 árd. Virka daga er messa kl. 8 árd. Messa kl. 2 síðd. Sr. Jón Árni Sigurðsson í Grindavík messar. Sóknarprestur.
HAFNARFJARÐARKIRKJA: Guðsþjónusta kl. 11 árd. Sóknarprestur.
HVERAGERÐISKIRKJA: Messa kl. 11 árd. Sóknarprestur.
KOTSTRANDARKIRKJA: Messa kl. 2 síðd. Sóknarprestur.
ÞINGVALLAKIRKJA: Messa kl. 14. Organisti Oddur Andrésson, Hálsi. Sóknarprestur.
AKRANESKIRKJA: Messa kl. 10.30 árd. Sr. Björn Jónsson.

Sýning Björns Birnis


Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

Ferill **Björns Birnis**, sem um þessar mundir heldur viðamikla sýningu að Kjarvalsstöðum, er um margt óvenjulegur í íslenzkri myndlist. Hann hefur tekið lífinu með ró, farið sér að engu óðslega um nám og listsköpun. Upprunalega settist hann í myndlistadeild Handíða- og myndlistaskólans haustið 1949, og man undirritaður eftir honum sem mjög hlédrægum ungum pilti, er virkaði hálf stefnulaus við námið. Björn axlaði líka fljótlega um og settist í kennaradeild og lauk þaðan námi árið 1952. Hann starfar sem teiknikennari um árabil og fara engar afgerandi sögur af listsköpun hans fyrr en hann skyndilega efnir til sýningar í kjallarasölum Norræna hússins árið 1977. Sú sýning kom mörgum á óvart og þar á meðal mér, sem átti trútt um talað ekki von á neinum slíkum tilþrifum úr þeirri áttinni.

Björn lét ekki staðar numið því að hann heldur fljótlega til frekara náms í Bandaríkjunum, nánar tiltekið í **Indiana State University**, eða Ríkisháskólanum í Indiana, í Terra Haute. Hann nemur þar næstu tvö árin undir handleiðslu prófessors Charles Reddington, sem reynist honum vel því að hann tekur greinilegum framförum á þessum tíma bæði um listrænan þroska svo og dýpkun persónuleikans. Þetta kemur greinilega fram í orðum Reddingtons *sjálfs en hann segir svo í* formála sýningarskrár: „Fyrsta kennslumisserið var erfitt. Björn var ekki viss um að hverju hann var að leita, en nógu skynsamur til að skilja að vaxtarþörf hans sem listamaður krafðist þjálfunar í einbeitingu á einhvers konar námsferli, svo sem listaskóla. Örðugleikarnir voru miklir. Áföllin voru fá og uppskeran bætti þau fyllilega upp."

Hér kemur greinilega fram mikilvægi þess, að menn geri sér grein fyrir þeim þroskamöguleikum sem nám við listaháskóla býður upp á, ekki aðeins á unga aldri heldur lífið í gegn ef því er að skipta, — símenntun hefur það verið nefnt og á ekki síður við um listræna menntun en t.d. bóklega. Til gamans má nefna að hinn frægi norski



Eitt af málverkum Björns Birnis á sýningu hans að Kjarvalsstöðum.

málari Jean Heiberg settist á skólabekk sjötugur að aldri til að nema freskótækni og sjálfur Ingres kópíeraði eldri meistara áttræður að aldri. Þetta voru menn er vissu hvað þeir voru að gera og töldu sig enda aldrei ganga með nafla heimsins í vasanum.

— Þetta sem Reddington segir í formálanum er hárrétt en annað orkar þó tvímælis, t.d. er hann er að lýsa landslaginu þar vestra og færa litabeitingu Björns til heimaslóða þ.e. Íslands en prófessorinn virðist skynja íslenska litrófið sem samsafn mildra og hægra tóna. Sá er kemur fram með slík ummæli hefur naumast til Íslands komið, því að ég álít að litrófið íslenska hafi ekki nein afgerandi sérkenni ef á heildina er litið en merkilega víðfeðmt og margbrotið og ríkt af staðbundnum sérkennum. Annars er margt skynsamlega orðað í formála prófessors Reddington, fagmannlega og upp örvandi.

Sýning Björns Birnis í vestri sal Kjarvalsstaða er hin áhugaverðasta, fram koma sterk amerísk áhrif, blönduð straumum frá Evrópu og er hvorttveggja mjög eðlilegt. Björn notar víða þá alkunnu aðferð að rissa hressilega með blýanti eða krítarlit ofan í málverkin og lífga upp ljóðrænar, fíngerðar myndheildir er gætu annars virkað helst til staðar. Litir eru mildir og fínlegir, notast er á köflum við spraututækni og það gert á mjög hreinlegan hátt, — inn á milli koma fram vélrænar flatarmálsmyndir af mýkri gerðinni og hér þykir mér „Málverk" (15) áhugaverðust slíkra mynda. Hinar stóru teikningar Björns geta senn minnt á sumt er menn sáu á sýningu á *Amerískum teikningum* í Listasafni Íslands á Listahátíð 1978 og tækni Hrings Jóhannessonar en þó koma fram greinileg persónuleg einkenni í myndum líkt og „Frá námuhéraði" (20), „Úr Kópavogi" (9) og „vangamynd" (29) en þær myndir þykja mér hrifmestar teikninganna.

Áhrif frá landslagi ganga líkt og rauður þráður í gegnum sýninguna alla, allt í senn amerísku, íslensku og myndheildalandslagi yfirleitt.

— Björn Birnir kemst ótvírætt vel frá þessari sýningu og með honum hefur íslenskri myndlist bætzt vandaður og framsækinn liðsmaður.

Óhætt er að hvetja sem flesta til að leggja leið sína á þessa sýningu en henni lýkur þriðjudaginn 9. september.